

Staðlað upplýsingaskjal fyrir samningsgerð á fjármálaafurð sem tiltekin er í 8. gr., málsgreinar 1, 2, og 2a í reglugerð (EU) 2019/2088 og 6.gr., málsgrein 1, í reglugerð (EU) 2020/852

Nafn afurðar: VPV Lebensversicherungs-AG Sicherungsvermögen (Guarantee Assets)  
Kenninúmer lögaðila: 391200BMX1XETVJXR19

## Umhverfislegir og/eða félagslegir þættir

**Sjálfbær fjárfesting** merkir fjárfestingu í atvinnustarfsemi sem hefur umhverfisleg og félagsleg markmið til hliðsjónar að því tilskildu að fjárfestingin skaði ekki tilfinnalega nein umhverfisleg eða félagsleg markmið og að starfsemin framfylgi góðum stjórnarháttum.

**Flokkunarreglugerð EU** er samræmt flokkunarkerfi sem er skilgreint í reglugerðinni (EU) 2020/852, og birtir lista af **umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi**. Sú reglugerð birtir ekki lista af félagslega sjálfbærri starfsemi, Sjálfbærar fjárfestingar með umhverfismarkmið geta verið í samræmi við reglugerðina, eða ekki.

### Hefur þessi fjármálaafurð sjálfbærni að fjárfestingarmarkmiði ?

Já

Nei

Hún mun að lágmarki framfylgja **sjálfbærum fjárfestingum með umhverfislegu markmiði: \_\_\_%**

í atvinnustarfsemi sem eru tilteknar sem umhverfislega sjálfbærar samkvæmt flokkunarreglugerð EU

í atvinnustarfsemi sem flokkast ekki sem umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarreglugerð EU

Hún mun að lágmarki fjárfesta í **sjálfbærum fjárfestingum með félagslegum markmiðum: \_\_\_%**

Hún hvetur til **umhverfislegra/félagslegra (U/F) sjónarmiða** og þótt sjálfbærni sé ekki fjárfestingarmarkmið mun hún fjárfesta að lágmarki \_\_\_% í sjálfbærum fjárfestingum

með umhverfisleg markmið í atvinnustarfsemi sem teljast umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarreglugerð EU

með umhverfisleg markmið í atvinnustarfsemi sem teljast ekki umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarreglugerð EU

með félagsleg markmið

Hún hvetur til U/F sjónarmið en **mun ekki fjárfesta í sjálfbærum fjárfestingum**

**Hvaða umhverfislegu og/eða félagslegu þættir er ýtt undir með þessari fjármálaafurð?**



Sem VPV, þá virðum við meginregluna um sjálfbæra auðlindastjórnun og samræmum ákvarðanir okkar og verkferla við fjárfestingar í öryggiseignum (Sicherungsvermögen) við umhverfislega og félagslega þætti. Öryggiseignir (Sicherungsvermögen) eru stærsti hlutinn af fjárfestingum VPV. VPV tekur nú þegar tillit til umhverfisþátta (minnkun í losun gróðurhúsalofttegunda, fjárfestingar í vatnsafla og útilokun olíuframleiðslu- og leitar á

norðurslóðum) og félagslegra þátta (fjárfestingar í sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum, útilokun á fyrirtækjum sem taka þátt í framleiðslu eða dreifingu á umdeildum vopnum og útilokun á fjárfestingum í löndum sem virða ekki mannréttindi og vinnulöggjöf) þegar fjárfest er í öryggiseignum (Sicherungsvermögen). Við tökum ákvarðanir í fjárfestingum þannig að sjálfbærniáhætta sé innifalin og við tökum líka tillit til skaðlegra sjálfbærniþátta. Við munum stöðugt auka hlutfall fjárfestinga okkar sem taka tillit til umhverfislegra og/eða félagslegra þátta. Í tilfalli nýrra fjárfestinga þá tryggjum við að þær mæti sjálfbærniþömið okkar. Í núverandi eignasafni okkar munum við smám saman draga úr fjárfestingum sem uppfylla ekki sjálfbærniþömið okkar. Við treystum á ESG matsfyrirtækið ISS ESG til að endurskoða sjálfbærniþömið okkar.

● **Hvaða sjálfbærnisvar eru notaðir til að mæla árangur þeirra umhverfis- eða félagslegu eiginleika sem þessu fjármálaafurð stuðlar að?**

Við endurskoðum fjárfestingar okkar í fyrirtækjum og þjóðlöndum mánaðarlega með tilliti til almennra eða atvinnugreinabundinna brota sem byggð eru á viðmiði ISS ESG. Almennu reglurnar byggja á markmiðum UN Global Compact. Á grundvelli þeirra forðumst við að fjárfesta í fyrirtækjum með alvarlega brotasögu og í fyrirtækjum sem eru með beinan þátt í umhverfisbrotum, jafnvel þótt þau séu væg. Ekki er fjárfest í fyrirtækjum sem taka þátt í umdeildri vopna- eða tóbaksframleiðslu. Að auki drögum við úr núverandi fjárfestingum í fyrirtækjum sem eru með meira en 20% af sölu sinni í kjarnorku eða jarðefnaeldsneyti og fyrirtækjum sem taka þátt í borun eða borunarrannsóknum á norðurslóðum. Varðandi ríkisskuldabréf þá tökum við ekki aðeins tillit til félags- og stjórnunarþátta (mannréttinda, félagafrelsis, barnavinnu, starfsmannaréttinda og spillingar) heldur einnig umhverfis- og loftslagssjónarmiða. Við höfum innleitt innra atkvæðakerfi sem byggir á ESG viðmiðum fyrir hlutabréfafjárfestingar okkar.

● **Hver eru þau markmið sjálfbærra fjárfestinga sem fjármálaafurðin ætlar sér að hluta til og hvernig stuðlar sjálfbær fjárfesting að því markmiði?**

Nú þegar er tekið tillit til umhverfis- eða félagslegra þátta en engar sjálfbærar fjárfestingar eru gerðar í samræmi við reglugerð (EU)2019/2088.

● **Hvernig valda þær sjálfbæru fjárfestingar sem fjármálaafurðin ætlar sér að hluta til að gera, ekki verulegum skaða á neinum umhverfis- eða félagslegum fjárfestingarmarkmiðum?**

Nú þegar er tekið tillit til umhverfis- eða félagslegra þátta en engar sjálfbærar fjárfestingar eru gerðar í samræmi við reglugerð (EU)2019/2088.

**Helstu skaðleg áhrif** eru mikilvægustu neikvæðu áhrif fjárfestingar-ákvæðana á sjálfbærniþáttum sem tengjast umhverfis- félags og starfsmannamálum, virðingu fyrir mannréttindum og baráttu gegn spillingu og mútum.

**Sjálfbærnisvar** mæla hvernig þeim umhverfislegu- eða félagslegu einkennum sem fjármálaafurðin stuðlar að er náð.

**Hvernig hefur verið tekið tillit til vísbendinga um skaðleg áhrif á sjálfbærniþætti ?**

Við tökum nú þegar tillit til mikilvægra skaðlegra sjálfbærniáhrifa í fjárfestingarákvörðunum vegna nýrra eigna sem eru byggðar á gögnum frá ISS ESG. Fyrirtæki með meira en 20% af sölu sinni vegna jarðefnaeldsneytis eða með þáttöku í umdeildri vopnastarfsemi eru útilokuð. Auk þess fjárfestum við ekki í löndum sem brjóta mannréttindi eða vinnulöggjöf.

**Hvernig eru sjálfbærar fjárfestingar í samræmi við við viðmiðunarreglur OECD fyrir fjölþjóðlega starfsemi og leiðbeiningar Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi ?**

Viðmið og staðlar OECD leiðbeininga um fjölþjóðlega starfsemi og leiðbeiningar Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, þar á meðal grundvallarreglur og réttindi átta kjarnasamninga sem settir eru fram í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarreglur og réttindi á vinnustöðum og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, eru óaðskiljanlegur hluti af skilningi okkar á sjálfbærni og eru skoðaðar til samræmis við það í nýjum fjárfestingarákvörðunum. Í fjárfestingasafninu er fylgst með tilgreindum viðmiðum og stöðlum mánaðarlega með gögnum frá ISS ESG til að bera kennsl á hugsanleg brot.

Flokkunarreglugerð EU setur fram “ekki marktækur skaði” meginreglu þar sem flokkunartengdar fjárfestingar ættu ekki að skaða verulega markmið EU flokkunarfræðinnar og henni fylgja sérstök viðmið EU.

Meginreglan um “ekki marktækur skaði” á aðeins við um þær fjárfestingar fjármálaafurðarinnar sem taka tillit til viðmiða EU um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Að öðru leyti taka fjárfestingar afurðarinnar ekki tillit til viðmiða EU um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.

Allar aðrar sjálfbærar fjárfestingar mega ekki heldur skaða verulega nein umhverfis- eða félagsleg markmið.



**Hefur þessi fjármálaafurð til hliðsjónar helstu skaðleg áhrif á sjálfbærniþætti?**



Já



Nei. Þar sem ekki hafa verið skilgreind viðmiðunargildi fyrir einstaka lykilorði sem skaða sjálfbærni (PAIs) né þær afleiðdu afleiðingar sem ber að skilgreina, verður það birt síðar.



**Hvaða fjárfestingarstefnu fylgir þessi fjármálaafurð?**

Fjárfestingarstefna öryggiseigna (Sicherungsvermögen) fylgir meginreglunni um varkárni frumkvöðla og auk þess að horfa til öryggis, seljanleika, ávöxtunar og

gæða, er tekið beint tillit til sjálfbærniþátta. Meginmarkmiðið er að standa við skuldbindingar gagnvart váttryggingartaka.

- **Hverjir eru bindandi þættir fjárfestingarstefnunnar sem notaðir eru til að velja fjárfestingar sem ætlaðar eru til að ná hverjum þeim umhverfis- og félagslegu einkennum sem þessari fjármálaafurð er ætlað að stuðla að?**

Hlutfall fyrirtækja og landa sem uppfylla staðla og atvinnugreinabundnar sjálfbærnireglur eykst skref fyrir skref. Markmiðin fyrir árlegar umbætur eru endurskilgreind á hverju ári sem stefna fyrirtækisins.

- **Hvert er skyldubundið lágmarkshlutfall til þess draga úr umfangi fjárfestinga sem voru gerðar áður en núverandi fjárfestingarstefna var mótuð?**


Lágmarkshlutfall hefur ekki verið skilgreint.

- **Hver er stefnan um að meta góða viðskiptahætti fyrirtækja sem fjárfest er í?**

Tekið er tillit til góðra stjórnarhætta á grundvelli meginreglna UN Global Compact.

### Hver er eignasamsetningin sem er fyrirhuguð fyrir þessa fjármálaafurð?

Öryggiseignirnar (Sicherungsvermögen) eru aðallega fjárfestar í skuldabréfum. Leiðbeiningar um dreifingu eigna eru skilgreindar árlega í stefnumótandi ákvörðun um dreifingu eigna. Eins og er, þá er ekkert lágmarkshlutfall sjálfbærra fjárfestinga og við getum ekki greint frá hlutfalli sjálfbærra fjárfestinga í eignasafni okkar þar sem meirihluti fyrirtækja sem við höfum fjárfest í, birta ekki enn nauðsynleg gögn.



**Fjárfestingarstefna** mótar fjárfestingar-ákvörðanir sem byggja á þáttum eins og fjárfestingar-markmiði og áhættuþoli..

**Góðir stjórnarhættir** innifela heilbrigða uppbyggingu stjórnar, samskipti starfsmanna, launastefnu og skattafylgni.

**Eignadreifing** lýsir hlutfalli fjárfestinga í tilgreindum eignum..

Til að uppfylla flokkunarreglugerð EU, innifela viðmið fyrir **jarðefnaeldsneyti** takmörkun á losun og skiptingu yfir í láglavetnaeldsneyti fyrir enda ársins 2035. Fyrir **kjarnorku**, innifela viðmiðin ítarlegar öryggis- og úrgangsreglur.

**Virkjunarstarfsemi** gerir annarri starfsemi beinlínis kleift að leggja fram verulegt framlag til umhverfismarkmiða.

**Bráðabirgðastarfsemi** er starfsemi þar sem kolefnissnauðir valkostir eru ekki enn fyrir hendi en losun gróðurhúsalofttegunda er lágmarkuð.

- **Hvernig nær notkun á afleiðum (derivatives) þeim umhverfis- og félagslegu eiginleikum sem fjármálaafurðin stuðlar að?**

Eins og er, þá eru afleiður ekki notaðar til að ná fram umhverfis- eða félagslegum eiginleikum.



### **Að hvaða marki eru sjálfbærar fjárfestingar með umhverfismarkmið í samræmi við flokkunarreglugerð EU?**

Í grundvallaratriðum síðan 01.01.2022 þarf að upplýsa um hlutfall sjálfbærra fjárfestinga með umhverfismarkmið í samræmi við flokkunarkerfi EU, innan fjárfestinga vörunnar. Þetta er háð upplýsingagjöf þeirra fyrirtækja sem við höfum fjárfest í. Flest fyrirtæki birta ekki þessar upplýsingar vegna þess að þeim er ekki enn skylt að gera það. Þetta verður aðeins mögulegt frá árinu 2023. Ekki er heldur hægt að nota áætlanir eins og er. Vegna þessa skorts á gögnum getum við ekki birt upplýsingarnar núna.


- **Fjárfestir fjármálaafurðin í jarðefnaeldsneyti og/eða starfsemi tengdri kjarnorku sem er í samræmi við flokkunarreglugerð EU<sup>1</sup>?**

Já:

Í jarðefnum  Í kjarnorku

Nei

**Kökuritin hér að neðan sýna með grænu þá lágmarksprósentu fjárfestinga sem eru í samræmi við flokkunarreglugerð EU. Þar sem ekki er til viðeigandi aðferðafræði til að ákvarða flokkunarskipan ríkisskuldabréfa sýnir fyrsta kakan flokkunarskipan á öllum fjárfestingum fjármálaafurðarinnar, þ.m.t. ríkisskuldabréfum. Síðari kakan sýnir flokkunarskipan fjárfestinga að undanskildum ríkisskuldabréfum.**



\* Í tilgangi þessara kökurita merkir "ríkisskuldabréf" allar fjárfestingar með ábyrgð ríkis.

<sup>1</sup> Jarðefnaeldsneyti og/eða kjarnorkutengd starfsemi mun aðeins vera í samræmi við flokkunarreglugerð EU þegar þær stuðla að takmörkun loftslagsbreytinga ("takmörkun loftslagsbreytinga") og skaðar ekki markmið flokkunarreglugerðar EU – sjá skýringar á vinstri spássíu. Öll viðmið fyrir jarðefnaeldsneyti og kjarnorku sem teljast í samræmi við flokkunarreglugerð EU er mælt fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnar EU nr. 2022/2014.

**Tiltekin vísitala** er vísitala til að mæla hvort að fjármálaafurðin nái þeim umhverfis- eða félagslegu viðmiðum sem stuðla skal að.

● **Hver er lágmarkshlutdeild fjárfestinga í virkjunar- og bráðbirgðastarfsemi?**

Eins og er þá er engin lágmarkshlutdeild fjárfestinga í virkjunar- og bráðbirgðastarfsemi.



**Hvert er lágmarkshlutdeild sjálfbærra fjárfestinga með umhverfismarkmið sem eru ekki í samræmi við flokkunarreglugerð EU?**

Eins og er þá er engin lágmarkshlutdeild.



**Hvert er lágmarkshlutfall samfélagslegra sjálfbærra fjárfestinga?**

Eins og er þá er engin lágmarkshlutdeild.



**Hvaða fjárfestingar eru innifaldar undir “#2 Annað”, hver er tilgangur þeirra og innifela þær lágmarks umhverfis-eða félagslegar öryggisráðstafanir?**

Eftirfarandi fjárfestingar falla undir "Annað":

- Óhefðbundnar fjárfestingar
- Auðseljanlegar eignir sem falla ekki undir ISS ESG (án ESG mats)
- Auðseljanlegar eignir sem falla ekki undir VPV ESG skilyrði (umdeilanlegt)

Þessar fjárfestingar eru gerðar í þeim tilgangi að dreifa áhættu og hámarka ávöxtun. Fjárfestingar okkar í fasteignum sýna ákveðnar lágmarks umhverfislegar eða félagslegar öryggisráðstafanir. Hins vegar eru þær ekki mælanlegar eins og er. Af þeim sökum getum við ekki tilgreint það sérstaklega.

**Er tiltekin vísitala tilnefnd sem viðmið til að ákvarða hvort þessi fjármálaafurð sé í samræmi við umhverfis- og/eða félagslega eiginleika sem hún stuðlar að?**

Nei.

(Þetta svæði er autt vegna þess að engin vísitala er notuð eins og er.)

- **Hvernig er markmið fest stöðugt í samræmi við hvern þeirra umhverfis- eða félagslegu eiginleika sem fjármálaafurðin stuðlar að?**
- **Hvernig er tryggt samræmi á beitingu fjárfestingarstefnu við aðferðafræði vísitölu?**
- **Hvernig er tilnefnd vísitala frábrugðin viðeigandi og almennri markaðsvísitölu?**

eru sjálfbærar fjárfestingar með umhverfismarkmið sem taka **ekki tillit til viðmiða** um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi samkvæmt flokkunarreglugerð EU.



- *Hvar er hægt að finna aðferðafræðina sem notuð er við útreikning á tilnefndri vísitölu?*



### **Hvar get ég fundið nánari vöruupplýsingar á netinu?**

Frekari sértækar vöruupplýsingar er að finna á heimasíðu okkar:

<https://www.vpv.de/Die-VPV/Sustainability/Sustainable-investment/Sustainable-investment.jsp>